

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 8. tbl. 10. árg. október 2016

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum -

Betri námsárangur og betri samskipti

Eins og bæði foreldrum og nemendum er kunnugt snúast megináherslur skólastarfsins í vetur um að bæta samskipti og bæta námsárangur. Þessi áhersluatriði eiga margt sameiginlegt og byggja á því að bera virðingu fyrir náunganum og sjálfum sér. Virðing fyrir sjálfum sér snýst m.a. um að gefa sjálfum sér færi á að verða besta eintakið af sjálfum sér og hluti af því er að sinna náminu vel. Virðing fyrir náunganum snýst um að koma fram við aðra af háttvísi og virðingu svo þeir séu öruggir og líði vel í návist manns. Þetta virðist auðvelt en reynist mörgum erfitt þegar á hólminn er komið.

Á næstunni munum við fá heimsóknir tveggja valinkunnra Íslendinga til að aðstoða okkur við að vinna að þessum markmiðum en einnig fara starfsmenn skólans á námskeið bæði hér heima og erlendis til að efla færni sína.



Heimsókn Þorgríms Þráinssonar

Þriðjudaginn 25. október kemur Þorgrímur Þráinsson í heimsókn og hittir nemendur í 4. - 10. bekk. Þorgrímur mun meðal annars fjalla um mikilvægi þess að gera alltaf sitt besta til að ná þeim markmiðum sem hver og einn stefnir að. Einnig fjallar hann um mikilvægi þess að vinna með öðrum og *skapa sterka liðsheild*. Þar talar hann m.a. út frá reynslu karlalandsliðsins í knattspyrnu síðasta sumar. Auk þess að hitta nemendur í 4. -9. bekk ætlar Þorgrímur líka að ræða við 10. bekinga og erindi hans við þá kallar hann *verum ástfangin af lífinu*.

Heimsókn Vöndu Sigurgeirsdóttur

Víkuna 31. október til 4. nóvember verður Vanda Sigurgeirsdóttir á Höfn að fjalla um bætt samskipti. Vanda mun bæði vinna með leikskólanum og grunnskólanum auk þess að hitta þjálfara og stjórnarmenn hjá Sindra. Í grunnskólanum verður Vanda með námskeið fyrir starfsfólk og foreldrafund auk þess sem hún mun fara í nokkra bekki og hitta nemendur. Foreldrafundurinn verður í Nýheimum mánudagskvöldið 31. október kl. 20:00 - 22:00.

Annaskil með viðtölum við nemendur og foreldra

Föstudaginn 11. nóvember verður viðtalsdagur í skólanum. Þá hitta allir umsjónarkennarar nemendur og foreldra í einstaklingsviðtölum og fara yfir stöðuna. Mikilvægt er að nemendur verði búnir að fylla út í frammistöðumatið sitt í mentor en það er á ábyrgð foreldra að það sé gert. Umsjónarkennarar senda foreldrum tölvupóst þegar hægt verður að vinna í frammistöðumatinu og velja sér tíma í viðtal. Foreldrar munu geta valið aðra dagsetningu henti 11. nóvember ekki.

Legókeppnin hjá 7. bekk

Föstudaginn 11. nóvember fara 7. bekkingar til Reykjavíkur til að taka þátt í First Lego League keppninni á Íslandi. Líkt og undanfarin 4 ár tekur allur árgangurinn þátt í keppninni og verða keppnisliðin frá skólanum tvö. Eins og gefur að skilja verða foreldraviðtölin hjá 7. bekk því ekki þennan dag heldur mun umsjónarkennarinn boða í viðtöl á öðrum tíma.

Námsferð hjá starfsmönnum skólans

Brighton 16. - 18. nóvember

Dagana 16. - 18. nóvember verður frí hjá nemendum skólans því þá fara flestir starfsmenn skólans til Brighton í Englandi. Tilgangur ferðarinnar er að efla færni starfsmanna, stuðla að starfsþróun þeirra og efla starfsandann. Starfsmennirnir fara allir á námskeið sem kallast Building Learning Power en það miðar fyrsta og fremst að því að efla innri námshvöt nemenda en auk þess fara allir starfsmenn á námskeið að eigin vali en þau miða að ólíkum þörfum starfsmanna og nemenda.



Það er gott og gaman að hjóla í skólann... og enn betra ef hjálmurinn er á kollinum!
Hjálmanotkun er lögbundin að 15 ára aldri og nú þurfa ljósin líka að vera í lagi.
Fullorðnir, verum góðar fyrirmyndir og notum líka hjálm.

Hvernig geta foreldrar eftt samskiptahæfni barna sinna og virkjað þau sem jákvæða leiðtoga?

Foreldrafundur með Vöndu Sig.

Fyrir foreldra leik- og grunnskólabarna

Nýheimum kl. 20:00-22:00 mánudaginn 31. október.

Matseðill í nóvember

- 1.nóv Kjúklingaleggir með st. kartöflum.
- 2.nóv Steiktur fiskur með smjöri.
- 3.nóv Kjötbollur með brúnni sósu.
- 4.nóv Hrísgjónagrautur, brauð og álegg.

- 7.nóv Soðinn fiskur með rúgbrauði.
- 8.nóv Lasagne með hvítlauksbrauði.
- 9.nóv Fiskur í raspi og koktelsósa.
- 10.nóv Skólabjúgu með kartöflumús.
- 11.nóv **Viðtalsdagur**

- 14.nóv Ofnsteiktur fiskur og kartöflur.
- 15.nóv Gúllas með kartöflumús.
- 16.nóv **Frí** – Námsferð starfsfólks
- 17.nóv **Frí** – Námsferð starfsfólks
- 18.nóv **Frí** – Námsferð starfsfólks

- 21.nóv Soðinn fiskur með rúgbrauði.
- 22.nóv Kjöt í karrý.
- 23.nóv Fiskibollur með laukfeiti.
- 24.nóv Hamborgari, franskari og sósa.
- 25.nóv Skyr, brauð og álegg.

- 28.nóv Smjörsteikt bleikja með kartöflum.
- 29.nóv Rjómapasta með skinku og baconi.
- 30.nóv Ofnbakaður fiskur.



Nú er tími endurskinsmerkjanna runninn upp

Sjáumst í vetur